

ÁRSSKIL

Skil á virðisaukaskatti fyrir árið 2025

Gjaldtagi virðisaukaskatts þeirra aðila sem skráðir eru í ársskil á virðisaukaskattsskrá fyrir árið 2025 er 5. febrúar n.k. Virðisaukaskattsskýrslu vegna uppgjors á virðisaukaskatti fyrir uppgjörstímabilið janúar-desember 2025 ber einnig að skila eigi síðar en á gjalddaga.

Mikilvægt er að virðisaukaskattsskýrslu sé skilað þó að rekstur hafi legið niðri og því engin velta verið á árinu. Í þeim tilfellum eru fjárhæðir á skýrslunni tilgreindar núll. Sé virðisaukaskattsskýrslu eigi skilað á réttum tíma mun ríkisskattstjóri áætla virðisaukaskatt aðila og jafnframt breyta skilamáta hans í almenn skil á tveggja mánaða fresti frá og með 1. janúar 2026. Berist virðisaukaskattsskýrslu eftir að aðili hefur sætt áætlun leggst á hann gjald að fjárhæð 5.000 kr. sem er lögbundið gjald fyrir hverja virðisaukaskattsskýrslu sem hefur ekki verið skilað á réttum tíma.

Rafræn skil aðila í ársskilum

Vakin er athygli á því að virðisaukaskattsskýrslu ber að skila rafrænt á [þjónustuvef Skattsins](#). Skylda til rafrænna skila á virðisaukaskattsskýrslu gildir hvort heldur sem velta ársins var undir eða yfir þeim fjárhæðarmörkum sem ársskilin miðast við (4.000.000 kr.).

Skattskyld velta ársskilaaðila nær 4.000.000 kr.

Skil á virðisaukaskatti einu sinni á ári miðast við ársveltu undir 4.000.000 kr. Hafi skattskyld velta ársskilaaðila vegna ársins 2025 náð þessu veltumarki á uppgjörstímabilinu nóvember-desember 2025 skal hann þrátt fyrir það skila rafrænni virðisaukaskattsskýrslu. Eftir að fjárhæðir hafa verið færðar á skýrsluna er hins vegar nauðsynlegt að staðfesta að velta ársins hafi náð umræddum veltumörkum. Í kjölfarið er skilamáta skattaðila breytt í almenn tveggja mánaða skil.

Hafi skattskyld velta ársins 2025 náð 4.000.000 kr. veltumarki ársskila fyrir 1. nóvember 2025 ber að skila

virðisaukaskattsskýrslu, RSK 10.01, fyrir það uppgjörstímabil sem veltan náði fjárhæðarmörkunum og eftir atvikum einnig fyrir þau almennu tveggja mánaða uppgjörstímabil sem eftir eru af árinu. Á skýrslu fyrir það uppgjörstímabil þar sem veltan náði 4.000.000 kr. ber að telja fram alla veltu ársins til og með því uppgjörstímabili, þegar veltumarkinu var náð sem og útskatt og innskatt fyrir sama tímabil. Skýrsluna má finna á [upplýsingavef Skattsins](#) en henni skal skilað á pappír. Fylla ber út skýrsluna eins og form hennar segir til um og hún undirrituð. Heimilt er að senda hana á netfang Skattsins, skatturinn@skatturinn.is. Mikilvægt er að efnislína tölvupóstsins sé skýr.

Ef krafa finnst ekki í heimabanka eftir að skýrslu hefur verið skilað með rafrænum hætti er hægt að greiða virðisaukaskatt fyrir eða á gjalddaga og koma þannig í veg fyrir að álag reiknist.

Greiðsluupplýsingar vegna innheimtumans á höfuðborgarsvæðinu:

Reikningsnúmer: 0101-26-85002

Kennitala: 540269-6029

Upplýsingar um bankareikninga innheimtumanna utan höfuðborgarsvæðisins er að finna á [upplýsingavef Skattsins](#).

Senda ber kvittun á tölvupóstfangið 85002@skatturinn.is með upplýsingum um kennitölu skattaðila, vsk-nr., uppgjörstímabil og ár.

Vakin er athygli á orðsendingu vegna virðisaukaskatts nr. 1/2026 um skýrsluskil í tengslum við skattframtal.

**Nánari upplýsingar og gögn má fá
hjá Skattinum**